

27. nóvember 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um fjármálafyrirtæki og l. um váttryggingastarfsemi (211. mál)


Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 11. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. Frumvarpið er tvískipt, annars vegar varðar það fjármálasamsteypur og hins vegar slit lánastofnana. Hvoru tveggja varðar innleiðingu tilskipana sem Íslandi er skylt að taka upp á grundvelli EES-samnings.

SBV áttu fulltrúa í nefndinni sem vann að fjármálasamsteypuþætti málsins, til innleiðingar á EB tilskipun nr. 87/2002. Eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins varð niðurstaða nefndarinnar að engin íslensk fjármálafyrirtækjasamstæða falli undir tilskipunina nú. Því er hér verið að innleiða tilskipun sem skiptir okkur ekki máli sem stendur. Hins vegar er mikilvægt að innleiðingin sé vel úr garði gerð upp á framtíðina að gera. SBV eru aðeins með eina ábendingu hvað þennan hluta frumvarpsins varðar. Í 6. gr. er fjallað um eiginfjárkröfur til fjármálasamsteypa. Greinin er mjög opin. Í tilskipuninni er aðildarríkjum gefið visst svigrúm til lögfestingar á mismunandi leiðum, sbr. 6. gr. og Viðauki I. Það má spyrja sig hvort réttmætt sé að löggjafinn framselji lagasetningarvaldið í jafn miklum mæli og 6. gr. frumvarpsins ráðgerir, en þar er í engu kveðið á um hvaða leiðir verði fyrir valinu heldur einungis sagt að FME skuli setja reglur um útreikning á eiginfjárlutfalli. Í þessum orðum felst engin gagnrýni á FME, þ.e. að eftirlitinu sé ekki treyst til að fara með það vald sem því er falið, heldur einfaldlega að æskilegt er fram komi í lagatextanum sjálfum eins skýr regla og kostur er eða að lágmarki að lögskýringargögn kveði á um hverjar verði meginlínur þeirra reglna sem FME er ætlað að setja varðandi eiginfjárkröfur til slíkra samsteypa.

Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins var ekki settur á stofn sérstakur starfshópur með hagsmunaaðilum til að vinna þann hluta sem snýr að slitum lánastofnana. SBV vilja varðandi þann þátt einvörðungu vekja athygli á 3. efnismgr. b-liðar 11. gr. (105. gr. laganna), þar sem segir að héraðsdómari skuli gera FME viðvart um ákvörðun um slit útibús lánastofnunar með staðfestu í ríki utan EES. Að mati SBV er óljóst með hvaða hætti framkvæmdin á þessu getur orðið og þá hvort þetta muni virka í raun. Þar sem ákvörðun um slit er afdrifarík er brýnt að upplýsingar þar um berist hratt og örugglega til markaðarins.

SBV styðja lögfestingu frumvarpsins, að þessum ábendingum sögðum.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri